

Til bæjarráðs

Efni: Tillaga um ráðstöfun arðs Lánasjóðs sveitarfélaga

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 4. maí sl. var samþykkt að vísa neðangreindri tillögu bæjarfulltrúa Steinþórs Einarssonar til umfjöllunar bæjarráðs.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráðstafa hluta af arðgreiðslu bæjarins, af hlut sínum í Lánasjóði sveitarfélaga, til verkefnis eða verkefna í forvarnarmálum í þágu ungs fólks í Garðabæ.“

Greinargerð:

Arðgreiðsla Garðabæjar af hlut sínum í Lánasjóði sveitarfélaga, eins og kom fram á aðalfundi sjóðsins á dögunum, er um 17 milljónir króna. Skynsamlegt væri að nota að minnsta kosti hluta þess fjár til forvarna fyrir ungt fólk. Mörg brýn verkefni kæmu til greina, meðal annars verkefni til að vinna með kvíða sem fer vaxandi hjá ungu fólki, notkun snjalltækja og áhrif þeirra á ungt fólk. Verkefnin væri hægt að vinna í samvinnu við aðra aðila, svo sem heilsugæslu Garðabæjar. Fræðslu- og menningarsvið sem kemur mest að starfi með ungu fólki væri falið að koma með tillögur og kostnaðaráætlun að verkefni eða verkefnum fyrir bæjarráð.